

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismálum og valdefla og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði. Samkeppnin er opin öllum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla hér á landi.

### **Varðliðar umhverfisins 2023 eru nemendur á miðstigi og í 9. bekk í Sjálandsskóla fyrir verkefni á þemadögum um umhverfisvernd, endurvinnslu og endurnýtingu**

Markmið þemadaganna var gera nemendur meðvitaða um eigin þátttöku í neyslusamfélagi, velta upp hvað við getum gert sem einstaklingar til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og að gefa nemendum tæki og tól til að taka þátt í að breytinga hlutum til batnaðar í umhverfismálum. Verkefnin voru sprottin út frá þemadögum þar sem umhverfisvernd og mannréttindi voru efst á baugi og virðast einkunnarorð Sjálandsskóla - að vilja og virða endurspeglast í þeim verkefnum sem skólinn sendi í keppnina.

Alls voru þemun þrjú og nálguðust nemendurnir viðfangsefnið með ólíkum, en skapandi hætti. Nemendur á miðstigi endurnýttu á skapandi hátt efnivið sem annars hefði endað í ruslinu og hvöttu með því samfélagið til að hugsa margnota frekar en einnota. Annars vegar bjuggu nemendurnir til fjölnota poka úr afgangsefni sem afhentir voru bókasafninu til notkunar og hins vegar sköpuðu þau tónverk með heimatilbúnum hljóðfærum sem búin voru til úr plastúrgangi.

Nemendur 9. bekkjar ígrunduðu eigin þátt í neyslusamfélagi með veglegri umhverfisþrennu sem var unnin í samvinnu við heimili nemenda. Gerðu nemendur úttekt og skýrslu um orkunotkun rafmagnstækja á heimilum sínum og úttekt á matarsóun á eigin heimili, þar sem þau bentu á leiðir til úrbóta. Loks gáfu nemendurnir „úrgangi“ nýtt líf með því að endurnýta með skapandi hætti efnivið sem fannst í endurvinnslutunnum heimilanna.

Er það mat valnefndar að verkefni Sjálandsskóla hafi gefið nemendum tækifæri til að öðlast djúpan skilning á þeirra eigin þátttöku í ósjálfbæru neyslusamfélagi með vísindalegum vinnubrögðum, gagnasöfnum og skapandi úrlausnum, svo ekki sé minna sagt. Þá hafi nemendunum verið gefin verkfæri til að vera þátttakendur í jákvæðum breytingum í umhverfismálum sem náðu til þeirra nánasta samfélags; heimilis, skóla og þjónustu í kringum bókasafn borgarhlutans. Er það mat valnefndar að nemendum miðstigs og 9. bekkjar Sjálandsskóla hafi tekist í orði og verki að verða sannkallaðir varðliðar umhverfisins.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppinnar og var hún að þessu sinni skipuð þeim Önnu Sigríði Einarsdóttur, frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Önnu Kristínu Bang frá Miðstöð útivistar og útináms og Andreu Önnu Guðjónsdóttur frá menntaverkefnum Landverndar